

Fundargerð 78. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.
Dagsetning: mánudagur 5. desember 2016 kl. 17:00 í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Viðstaddir:

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Björg Ágústsdóttir formaður, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari, Hilmar Már Arason, Sigríður Finsen og Helga Guðmundsdóttir, Lena Hulda F. Örvarsdóttir fulltrúi nemenda, Erna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara (á Skype) og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð. Sigrún Ólafsdóttir skólanefndarfulltrúi og Aðalsteinn Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi foreldra boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerðir síðustu funda samþykkt.

Eldri fundargerðir samþykktar og verða settar á vef skólans í framhaldinu.

2. Fjármál FSN.


Fjárlög enn óljós og rekstraráætlun fyrir árið 2017 er í vinnslu. Tengiliður frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur verið skipaður. Fundur er fyrirhugaður í Mennta- og menningarmálaráðuneyti á miðvikudaginn 7. desember. Skólameistari og fjármálastjóri munu fara á þennan fund fyrir hönd FSN. Nemendaígildi fyrir árið 2016 eru 153 og mun árið líklegast lenda nálægt því. Megum ekki sofna á verðinum varðandi markaðssetningu. Kynningar á FSN verða fljótlega eftir áramót og framhaldsskólahermir í FSN í framhaldi af þeim.

3. Rekstraráætlun.

Unnið er að rekstraráætlun fyrir árið 2017. Fjárlög hafa ekki verið gefin út. Árið 2016 mun að öllum líkindum lenda mjög nálægt 0,- Uppgjör af hálfu ráðuneytisins liggur ekki fyrir fyrr en eftir áramót og getur haft mikil áhrif á niðurstöðu ársins.

4. Stefna skólans – þriggja ára plan.

Skólameistari kynnti sniðmát frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti að stefnu FSN til þriggja ára. FSN hefur fengið styrk til þess að minnka brotthvarf úr námi. FSN vill á næstu þremur árum minnka brotthvarf nýnema sérstaklega. Það er líka vilji til þess að skoða þá nemendur sem skila mjög litlu. Það er mjög brýnt að stefna skólans til næstu þriggja ára endurspegli hlutverk skólans og þá hugmyndafræði sem hann byggir á.



5. Umbótaáætlun – brýnustu verkefni.

Umbótaáætlun ytri úttektar haustið 2015. Unnið er að bættum verkferlum og úrbótum. Úttektin og umbótaáætlun er á heimasíðu skólans: http://fsn.is/?page_id=4474

6. Innra mat skólans

Skólameistari og tveir kennarar við FSN, Erna Guðmundsdóttir og Iðunn Hauksdóttir eru í sjálfsmatsnefnd FSN. Meðal verka sjálfsmatsnefndar á haustönn 2016 voru rýniviðtöl við útskriftarnemenda og kennslumatskannanir sem voru í sex áföngum. Það er vilji til þess að taka rýniviðtöl við útskrifaða nemendur FSN og einnig viðhorf foreldra.

7. Húsfundir

a) Vorönn 2016.

Húsfundur var haldinn 26. apríl í matsal FSN. Sigurborg Kr. Hannesdóttir stýrði þessum fundi. Markmiðið húsfundar er að skapa sýn fyrir þróun í húsnæði skólans og á skólalóð. Meðal ábendinga var að mála liti á veggir og hefur verið orðið við því. Einnig var keypt borð og bekkir úti og stendur til að kaupa fleiri. Frekari upplýsingar varðandi húsfundinn má sjá á heimasíðu skólans: <http://fsn.is/?p=4132> og http://fsn.is/?attachment_id=4281.

b) Haustönn 2016.

Húsfundur var haldinn 27. september. Aðstoðarskólameistari, Sólrún Guðjónsdóttir stýrði frá húsfundi og fór yfir helstu atriðið með nefndarmönnum. Umræðuefni fundarins var meðal annars félagslíf nemenda á komandi skólaári, kennsla og skólahúsnæði. Meðal ábendinga var tímasetning á verkefnaskilum. Lykt á salernum er ekki nógu góð og þarf að skoða frekar. Borðaval í matsalnum mætti endurskoða og jafnvel fá stærri borð. Unnið er að úrbótum. Nemendaaðstöðu má víða bæta. Lóðin er ekki prýði og hafa nemendur skoðun á því. Það væri mjög gott að fylgja þessum ábendingum eftir með bréfi til Jeratúns.

8. Önnur mál

- Forseti NFSN, Lena skýrði frá helstu viðburðum á næstu önn. Það er búið að setja niður helstu viðburði vorannar 2016 en þeir eru skipulagðir í kringum heimsóknir Vestfirðinga. Nemendafélagið skipulagði viðburði vorannar með deildarstjóra í framhaldsdeildinni á Patreksfirði og tengilið við félagslífið þar.



FSN mun taka þátt í Gettu betur og Morfís. Ekki hefur tekist að ná í lið í íþróttakeppnirnar. Þátttaka á stærri viðburði og böll er mjög góð. Nemendur í FSN eru að sækja viðburði mjög vel.

- Fjarvistir kennara og annarra starfsmanna hafa verið til skoðunar.
- Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistara skýrði frá undirbúningsvinnu sem er í gangi með tilvonandi samstarf í huga við skóla erlendis í gegnum Erasmus skólasamskipti. Ekki er ljóst á þessari stundu hvort að styrkur fáiist.

Fundi slitið kl. 19:10.
Haldið til kvöldverðar í matsal FSN.